

Félags – og skólaþjónusta
RANGÁRVALLA- OG VESTUR- SKAFTAFELLSSÝSLU

Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella og Austurvegur 4, 860 Hvolsvelli

Evaluation Only. Created with Aspose.Words. Copyright 2003-2011 Aspose Pty Ltd.

Beiðni um tilboð í gerð ársreikninga, með tilliti til fyrirhugaðra breytinga á rekstrarformi byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur - Skaftafellssýslu.

Stjórn félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu hefur farið þess á leit við undirritaða, forstöðumenn deildanna tveggja, að þeir leiti tilboða í gerð ársreikninga með tilliti til fyrirhugaðra breytingum á rekstrarformi byggðasamlagsins.

Á 37. fundi stjórnar Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu, sem haldinn var þann 12.03.2019, samþykkti stjórnin, fyrir sitt leiti, að breyta rekstrarfyrirkomulagi byggðasamlagsins með þeim hætti að innan þess verði eftirleiðis tvær sjálfstæðar stofnanir/rekstrareiningar (*rekstrarform K2 – stofnun sveitarfélags*) undir stjórn byggðasamlagsins.

Í nýju rekstrarfyrirkomulagi yrðu til tvær aðskildar deildir með sitt hvora kennitölu. Annars vegar fyrir félagsþjónustu og hins vegar fyrir skólaþjónustu. Byggðasamlag um félags- og skólaþjónustu yrði móðurfélag þessara tveggja eininga. Í heild væri því um að ræða þrjár kenni-tölur innan byggðasamlagsins.

Framlög sveitarfélaganna fimm, samkvæmt fjárhagsáætlun hvers árs, yrðu greidd mánaðarlega beint inn á aðskilda reikninga deildanna tveggja og færu því ekki fjármunir í gegnum kennitölu byggðasamlagsins nema að afar takmörkuðu leiti.

Með þessu erindi er því leitað álits um eftirfarandi:

- a) hvort nauðsynlegt muni reynast að gera sérstakan ársreikning fyrir kennitölu byggðasamlagsins/móðurfélagsins.
- b) hvort nauðsynlegt muni reynast að gera samstæðuuppgjör.

Einnig er óskað eftir tilboði í gerð ársreikninga deildanna tveggja, auk sérstaks ársreiknings fyrir kennitölu byggðasamlagsins, teljist það nauðsynlegt.

F.h félags-og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu.

Helga Lind Pálsdóttir félagsmálstjóri

Edda Guðlaug Antonsdóttir forstöðumaður skólaþjónustu